

Skólaráðsfundur 29.09.2016

Mættir eru : Hrafnhildur Ágústsdóttir, Haukur Vatnar Viðarsson, Bolette Höeg Koch, Ari Einarsson Jón Ágúst Haraldsson, Haukur Arnarsson, Lilja Loftsdóttir, Hafdís Hafsteinsdóttir sem ritar fundargerð.

1. Farið yfir starfsáætlun skólans. Hrafnhildur gerði athugasemd við það af hverju skólavistunarbörn sem eru tvö eru keyrð heim á fimmtudögum. Það eru einnig 4 börn úr tónlistarskólanum sem fá keyrslu heim á sama tíma. Börnum úr hreppnum er mismunað með þessari keyrslu auk þess sem það hlýtur að vera aukaútgjöld fyrir hreppinn.

Breytingar: Að finna annan stað í stað Blesastaða í desember þar sem leggja á niður Dvalarheimilið að Blesastöðum. Tillaga að hafa dagskrá fyrir eldri borgara í sveitinni.

Rætt um skíðaferð. Síðast var prófað að hafa allan skólann með í ferð og gafst það fyrirkomulag vel. Gott að hafa alla því þá fá þau meira út úr því seinna meir að geta staðið á skíðum. Ákveðið að halda því áfram að hafa þetta. Einnig komu margir foreldrar til aðstoðar sem var gott.

Öðruvísi dagar: Búið að samræma dagana milli leikskólans og grunnskólans.

Í vetur er á fjöggura ára áætluninni að skoða lestrarstefnu og læsi. Skólapúlsinn hjá 6.-7 bekk og könnun á líðan frá skólabjónustu Árnesþings í 5. Bekk.

Haukur Arnarsson spurði um af hverju 7. bekkur læsi ekki upphátt fyrir Bryndísi eins og 5. og 6. bekkur. Hafdís svaraði að það væri meiri þörf í hinum bekkjunum að lesa upphátt fyrir fullorðna.

Hrafnhildur spurði af hverju 2 bílar aka á Flúðir með hálfótoma bíla. Bolette svaraði að það væri vegna samninga við bílstjóra sem breytist milli ára.

Engar frekari athugasemdir

2. Almenni hluti námskrár.

Útfærslur skólans og áherslur. Bolette fór yfir almenna hlutann. Jón Ágúst spurði hvort stytta mætti textíltímann.

Engar athugasemdir.

3. Skólaakstur. Bolette fór yfir skólaakstur og útskýrði leiðir bílstjóra. Takmarkið er að enginn sé lengur en 1 klst. í skólabílum. Stefnt er að því að það sé ekki farið á milli bæja sem eru nánast hlið við hlið. Í Brautarholti safnast þau saman í leikskólanum og svo er skipt á hlaðinu í Gunnbjarnarholti. Við komumst ekki af með færri bíla eins og er.

Ari yfirgaf fundinn kl.15.30.

4. Heilsueflandi grunnskóli. Hafdís heldur utan um heilsueflandi grunnskólaverkefnið. Í vetur er áhersla á heimilin og aukið samstarf okkar á milli. Farið verður yfir gátlista á starfsmannafundi og farið eftir hvar útbóta er þörf.

5.

Hrafnhildur spurði út í hvort leiktæki sem við eigum að fá á skólalóðina kæmu og hvernig leiktæki það væru. Bolette er að skoða málið. Það fannst ákveðin klifurgrind en hún reyndist of dýr.

Jón Ágúst spurði hvort ætti ekki að mála kofann úti. Umræður um hvaða leiktæki hægt væri að kaupa. Fulltrúar nemenda vilja fá skólahreystirimla eða vegasalt.

Önnur mál:

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl 15.50.

Hafdís Hafsteinsdóttir